Tákn

Sneiðing í byggingarhluta

B / 205 — *Snið B, sýnt á teikningu nr. 205*

Sérmynd

C / 205 — *Sérmynd C, sýnd á teikningu nr. 205*

K: 41,23	*Kóti á grunnmynd*
A	*Kóti á sniðmynd*
180	*Plötuþykkt*
	Steypuskil
	Yfirborð jarðvegs og fyllinga
	Yfirborð klappar / móhellu
K	*Kambstál Ks 400, skriðmörk 400 MPa*
Ks	*Kambstál Ks 400s, suðuhæft með skriðmörk 400 MPa*
R	*Slétt stál með skriðmörk 235 MPa*
	Endi á krókbeygðu bendistáli
	Járn í efri brún plötu, innri brún veggjar
	Járn í neðri brún plötu, ytri brún veggjar
m/m	*Fjarlægð milli járna, miðja í miðju*

Mál og málsetnignar

Öll mál eru í millimetrum [mm] en hæðarkótar eru í metrum [m].

Álagsforsendur

Notálag er samkvæmt ÍST 12–1989:	*Notálag á gólfplötu 3.0 kN/m²* *Punktálag 3.0 kN*
Vindálag er samkvæmt ÍST 12–1989:	*Miðað við aðstæður 1. Grunngildi vindálags er 1.6 kN/m²*
Snjóálag er samkvæmt ÍST 12–1989:	*Miðað við svæði 1 er snjóálag 1.0 kN/m²*
Jarðskjálftaálag er samkvæmt ÍST 13–1989:	*Álagssvæði 4. Z = 1.0*

Grundun

Undirstöðujarðvegur er móhella og/eða klöpp.

Undir botnplötu skal fylla með frostfrírri fyllingu og þjappa í 30 cm lögum og fara a.m.k fjórar umferðir með 200 kg víbrósleða.

Nafnálag á undirstöðujarðveg 1,0 MN/m²

Stálvirki

Stál

Stál (t.d. í bitum og stálfestingum) skal vera Fe360 skv. DS/ISO 630 eða St37 skv. DIN 17100.

Stál til notkunar innanhús skal grunna með alkíð–olíubundnum ryðvarnargrunni.

Stál til notkunar utanhúss skal heitgalvanhúðað.

Suður

Suðuefni skal uppfylla kröfur DS317.1 (prEN499 og prEN758) eða sambærilegra staðla. það skal valið þannig að styrkur þess eftir suðu sé a.m.k. jafn styrk grunnefnisins.

Suðuvinnu skal framkvæma af suðumönnum sem hafa hæfnisþróf samkvæmt ÍST EN 287–1.

Boltar

Til festingar á timbri og stáli

Allri boltar skulu vera í styrkleikaflokki 8.8.

Undir allar boltarær sem koma að tré skal setja skinnur sem eru breidd = 3 x þvermál bolta og þykkt = þvermál bolta/3

Naglar

Allur saumur í þakvirki skal vera heitgalvanhúðaður.

Steypuvirki

Steypuvirki skal uppfylla ÍST 10, I og II og miða skal við framkvæmdaflokk B.

Steypa

Brotþolsflokkur:	*S250 (C20)*
Sementsmagn:	*> 300 kg/m³*
Loftmagn	*>5%*
Mesta steinastærð	*25 mm*
Vatns–sementstala	*< 0.55*
Fjarlægðarstuðull	*< 0.25*
Sigmál	*6 – 8 sm*

Steypumót

Nákvæmniskröfur:

Staðsetning í plani og hæð, undirstöður	*+/– 15 mm*
Staðsetning í plani og hæð, annað	*+/– 5 mm*
þykktir	*+/– 5 %*
Hornskekkja	*+/– 5 mm*
Misgengi á steypuskilum	*+/– 2 mm*
Frávik frá lóðlínu	*+/– 3 ‰*

Steypuskil:

Áður en mót eru sett að steypuskilum skal hreinsa burt allt hrönglí og óþétta steypu.

Hreinsun móta:

Lögð er áhersla á, að mót séu hreinsuð vandlega af öllu sagi, rusli og öðrum óhreinindum, áður en steypuvinna hefst. Einnig skal hreinsa járnbendingu og annað sem ísteypist af öllum óhreinindum.

Steypustyrktarstál

Efni

Allt stál í lykkjum sé suðuhæft kambstál Ks 400s, skriðmörk > 400 MPa
Annað steypustyrktarstál sé kambstál Ks 400, skriðmörk > 400 MPa
Nema annað sé tekið fram á teikningu.

Bending

Steypuhula

Lágmarkssteypuhula [mm] kemur fram í töflu 1.
Komi listi í mót miðast steypuhula við innri brún lista.

	plötur	*Veggir bitar*	*súlur*
Steypa í eða við sjó	*60*	*60*	*60*
Steypa að vatni eða jarðvegi	*50*	*40*	*40*
Steypa utanhús (utan við einangrun)	*30*	*30*	*30*
Steypa innanhús (innan við einangrun)	*20*	*20*	*30*

Tafla 1.

Beygjuþvermál, skeytilengd og bil á milli stanga

Bendinet skal skeyta um a.m.k. tvo möskva. K189 bendinet skal skeyta um a.m.k 300mm

Í töflu 2. kemur fram lágmarksbeyjuþvermál kambstáls, lágmarksskeytilengd sem og lágmarksmillibil milli stanga lárétt eða lóðrétt.
Ekki skal skeyta nema 30% af járnum í sama þversniði, fari skeytingarhlutfall járna yfir 50% í sama þversniði skal skeytilengd aukast um 30% frá því sem fram kemur í töflu 2.

Þvermál stangar	*Beygjuþvermál*	*Skeytilengd*	*millibil lóðrétt*	*millibil lárétt*
8	*160*	*400*		
10	*200*	*400*		
12	*240*	*480*	*32*	*42*
16	*300*	*640*	*32*	*42*

Tafla 2.

Göt

Kringum öll göt (þ.m.t. hurðir og glugga) skulu koma 2K12 og skulu þau ná skeytilengd útfyrir opið.

Sökkulskaut

Öll samskeyti á stöngum í neðri brún sökkuls skulu tengd tryggilega saman með skrúfuðum U–lykkjum þannig að þau myndi eina heild allan hringinn. Síðan skal teinn tengdur við báðar stángirnar og látinn standa upp úr sökklinum við vatnsinntakið (sjá rafmagnsteikningar).

Bending, kennisnið

Hliðarmynd af sökkli
þar sem frárennslislagnir koma út



Veggbending

Lágmarksbending veggja er K10 m/m 250 lóðrétt og lárétt í ytri og innri brún.
Veggir sem bera holplötur eru bentir í miðju ofan við holplötur, sjá snið
Veggir sem bera fyllingu eru járnbentir sérstaklega í báðar brúnir sjá snið





Bitar – Súlur
Í endum bita og súlna skal komið fyrir 6 auka lykkjum, Ks10 m/m 100, þar af tvar í vegg eða plötu
þar sem biti eða súla tengjast vegg skal járnbending nú a.m.k. skeytilengd inn í vegginn.





Trévirki

Efnisgæði

Allt límtré skal vera L40
Allar sperrur í þaki skulu vera í burðarflokki K24(T24)
Annað timbur skal vera í burðarflokki K18 (T18)

Fúavörn

Allan óvarinn við, skal fúaverja með viðurkendu fúavarnarefni.

Frágangur við steypu

Á milli viðar og steypu skal setja tjörupappa.

Klæðning þaks

Þak skal heilklæða með 15 mm vatnsþolnum birkikrossvið og líma með vatnsþolnu lími á samskeytum í nót. Krossviðsplötur skal festa við lektur með undirsinkuðum heitgalvanhúðuðum/ryðfríum skrúfum 4.8 x 57 mm m/m 150. Bora skal fyrir skrúfum í krossviðsplötu en varast að bora í lektur. Tryggja skal að skrúfur dragi krossvið þétt að lektum Ekki skal skeyta tvær plötur hlið við hlið við sömu lektu og ekki skal skeyta meira en þriðjung platna við sömu lektu.

Frá þakbrún og 1500mm inn á þakið skal festing krossviðar aukinn um 100%.

Ísetning (festing) glugga/hurða eftir uppsteypu

Ísetning glugga/hurða, sem sett eru í eftir uppsteypu skal framkvæma skv. Rb–blaði (31).130. Glugga/hurðir skal stilla af með buðarklossum (fleygum) og festa með 10x130 heitgalvanhúðuðum múrboltum með 600 mm millibili í botn–, hliðar– og yfirstykki karma. Taka skal úr fyrir festingum (sponsa) og loka með tappa.

Byggingafulltrúi Hafnarfjarðar
Afgreitt þann
22 DES. 1997
Sigurbjartur Halldórsson

10. des. 1997
VINNUTEIKNING

	Breyting	nafn
ártal	Texti	nafn

ESTrendingur ehf. Verkfræðiþjónusta Hafnarborg 24 - 220 Hafnarfjörður sími 565 5664 fax 565 5641	Einsetning Öldutúnsskóla. 1. áfangi–viðbygging	
hannað HBM/JHG	okt. 1997	Skýringar–Burðarvirki
teiknað SG	okt. 1997	
Hafnarfirði 10.12.1997	dagsetning: okt. 1997	teikn. nr. HB03–100	mælikvarði: ––	A1